



**RANGÁRPING YTRA  
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFJALLTRÚI**

Vegagerðin  
680269-2899  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Hellu, 21. desember 2023  
2310040 HBH

**FRAMKVÆMDALEYFI  
byggt á reglugerð nr. 772/2012.**

vegna endurbyggingar og lagningar Þingskálavegar frá Heiði fram yfir Bolholt.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Umsókninni fylgja yfirlitskort sem sýna staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis ásamt lýsingu framkvæmdarinnar og teikningum í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er tilkynningar skyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka auk 1.i. í 2. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar liggur fyrir, dags. 20. desember 2023.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi á fundi sínum 8. nóvember 2023. Ekki var um sérstök skilyrði að ræða utan þess sem fram kemur í framkvæmdaskýrslu framkvæmdaaðila. Auk þess er framkvæmdin háð þeim skilmálum sem fram koma í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 20. desember 2023. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu kemur fram að stofnunin telji að koma megi í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdarinnar með vönduðum vinnubrögðum og frágangi og telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði ekki veruleg verði fylgt þeirri framkvæmdatilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til.

Meðfylgjandi framkvæmdalýsing er í samræmi við þá lýsingu sem gefin var við fyrirspurn um matsskyldu.

Samþykkt eru framlögð gögn.

1. Vegagerðin er framkvæmdaaðili og stýrir útboði á verkinu.
2. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði til lagningar og endurbyggingar á Þingskálavegi frá klæðningarenda við Heiði að klæðningu ofan við Bolholt í samræmi við framkvæmdalýsingu framkvæmdaaðila.

3. Framkvæmdaleyfið er byggt á staðfestu aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, með örlitlum frávikum vegna færslu vegarins við Heiðalæk.
4. Í gögnum með umsókninni um framkvæmdaleyfi er framkvæmdinni lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.
5. Umsóknin um framkvæmdaleyfið er móttokin 13. október 2023
6. Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti framkvæmdaleyfið á fundi sínum 8. nóvember 2023 að undangengnum fundi Skipulagsnefndar 2. nóvember 2023.
7. Gildistími framkvæmdaleyfis verður í samræmi við framkvæmdaaðatlun.
8. Vegagerðin er skráð fyrir umsókn um framkvæmdaleyfið.
9. Álit Skipulagsstofnunar, um mat á umhverfisáhrifum námunnar, dagsett 20. desember 2023, liggur fyrir.
10. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sem vísað er í hér að neðan.
11. Taka skal tillit til umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, veiðifélagsins, Minjastofnunar Íslands og Skipulagsstofnunar hvað varðar mótvægisáðgerðir og frágang og að öllu raski á umhverfi utan vegstæðis skuli haldið í algeru lágmarki.
12. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

#### Meðfylgjandi gögn:

1. Umsókn og greinargerð
2. Yfirlitskort og teikningar
3. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu, dags. 20. desember 2023.
4. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 31. október 2023

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Rangárþings ytra er kæranlegt til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar í landsmálablaði. Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Afgreiðsla á framkvæmdaleyfinu er byggð á heimild í aðalskipulagi.

Framkvæmdaleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins og miðast gjaldið við eftirlit sveitarfélagsins vegna færslu vegar, ræsa og þverana og að frágangur verði skv. framlögðum áætlunum framkvæmdaaðila.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 21. desember 2023

Rangárþingi ytra 21. desember 2023

Fh sveitarstjórnar Rangárþings ytra,  
Skipulagsfulltrúinn í Rangárþingi ytra

Haraldur Birgir Haraldsson




**Rangárþing ytra**  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hellu

### Þingskálavegur(268-01-02), Heiði-Bolholt - umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin er að leggja lokahönd á undirbúning framkvæmda við endurbyggingu Þingskálavegar milli slitlagsenda frá Heiði að Örlygsstaðamelum. Fyrirhugað er að endurbyggja veginn og leggja á hann bundið slitlag á þessum kafla sem er um 7,5 km að lengd. Fyrirhugað er að færa veginn að hluta á um 300 m kafla við Heiðarlæk til að bæta veglinu og verður þá jafnframt sett nýtt stárlæsi í Heiðarlæk í nýrri veglinu og eldra steypt ræsi brotið niður og fjarlægt. Skipt verður um nokkur önnur ræsi og önnur lengd þar sem það á við.

Fyrirhugað er að taka allt malarefni til framkvæmdarinnar í námu í landi Þingskála sem er á aðalskipulagi. Áætlað heildarmagn er um 53.000 m<sup>3</sup>. Gengið hefur verið frá samkomulagi við landeigendur um kaup á landi undir veginn og vegna efnistöku.

Síða 1/2



Mynd 1, Þingskálagryfja, yfirlitsmynd

Leyfi liggur fyrir frá Fiskistofu vegna vinnu við ræsagerð í Heiðarlæk og Höfðalæk að undangengnum umsögnum frá Hafrannsóknarstofnun og viðkomandi veiðifélagi.

**Vegagerðin**  
Breidamýri 2  
800 Selfoss  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

vegagerdin  
[@vegagerdin.is](https://@vegagerdin.is)

Óskað er eftir framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins vegna þessarar framkvæmdar í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.



Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Svanur G Bjarnason


Síða 2/2

*Þetta skjal hefur verið samþykkt  
rafrænt*

Fylgiskjal: Afstöðumynd

Vegagerðin





## Þingskálavegur, Heiði-Bolholt, Rangárþingi ytra Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 8. nóvember 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um lagningu Þingskálavegar á kaflanum frá Heiði að Bolholti í Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 og 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þingskálavegur (268-01/02), Heiði-Bolholt í Rangárþingi ytra. Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin, október 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:


- Rangárþingi ytra dags. 9. nóvember 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 7. desember 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 8. desember 2023

Áður lágu fyrir umsagnir frá Fiskistofu dags. 11. október 2023, Hafrannsóknastofnun dags. 1. ágúst 2023 og Minjastofnun Íslands dags. 31. október 2023. Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. desember 2023.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Núverandi Þingskálavegur (268) er alls um 30 km langur og hefur þegar verið endurbyggður og lagður klæðingu frá vegamótum Þingskálavegar/Rangárvallavegar að klæðingarenda sunnan Heiðar, og frá klæðingarenda Þingskálavegar norðan Bolholts að Svínþaga. Fyrirhuguð framkvæmd felst í að endurbyggja um 7,4 km langan kafla sem hefst rétt sunnan Heiðar að Örlygsstaðamelum norðan Bolholts. Þessi kafli er í dag víðast hvar um 6 m breiður malarvegur og að hluta til með hæðar- og planlegu sem uppfyllir ekki kröfur í hönnunarstöðlum Vegagerðarinnar. Endurbyggður vegur verður hannaður samkvæmt staðli fyrir skert C7 snið, sem er 6,5 m breiður vegur með 6 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Í landi Heiðar þarf að færa veglinuna um vegbreidd til vesturs á um 250 m kafla um Heiðarlæk og setja nýtt 36 m langt ræsi í lækinn. Einnig verður nýju 24 m löngu stárlæsi komið fyrir í Höfðalæk. Gert er ráð fyrir að stærstur hluti efnis muni fást úr Þingskálanámu, sem er opin náma við fyrirhugað framkvæmdasvæði, en að hluta úr skeringum á framkvæmdasvæðinu og er efnispörf áætluð tæplega 60.000 m<sup>3</sup>. Vegagerðin fyrirhugar að ganga frá námunni að framkvæmdum loknum í samráði við landeigenda og verður frágangur að öðru leyti í samræmi við verklagsreglur Vegagerðarinnar.



Mynd 1. Fyrirhuguð uppbygging þingskálavegar og námur. (Úr gögnum Vegagerðarinnar).

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Fram kemur að um 1,1 ha af hraunsvæði meðfram núverandi vegi raskist vegna endurbyggingar vegarins utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað við vegagerð og aðrar framkvæmdir. Fyrirhuguð veglagning mun hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd en endurbyggður vegur verður þó breiðari en núverandi vegur með meira aflíðandi fláum og lagður á hærri fyllingum og í dýpri skeringum en núverandi vegur. Fyrirhuguð framkvæmd þverar Heiðarlæk, Víkingslæk og Höfðalæk. Lækirnir renna í Ytri-Rangá þar sem er stunduð umtalsverð laxveiði sem byggir að mestu á sleppingum alinna gönguseiða. Ekki er fyrirhugað að skipta um ræsi í Víkingslæk en ræsi í Heiðarlæk og Höfðalæk verða endurnýjuð. Fram kemur að tæplega 2 ha af gróðurlendum muni raskast en ekki er um samfellda gróðurþekju að ræða því svæðið er víða lítt gróið.

Í meðfylgjandi umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að þverun vatnsfalla við vegagerð veldur óhjákvæmilega röskun á búsvæðum lífvera í vatni. Ef rétt er að staðið eru helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda röskun á meðan á þeim stendur. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á uppeldi seiða við framkvæmdastaði og niður af þeim. Einnig getur lífræn framleiðsla og framleiðsla smádýra skerst tímabundið. Áhrifasvæðin eru hins vegar stutt og áhrifin tímabundin. Rask í og við lækina mun að líkindum hafa bein áhrif á hrogn/seiði sem eru á framkvæmdasvæðinu og niður af því. Bæði vegna röskunar á botnefni og vegna gruggs sem berst niður ána frá framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdin getur og valdið tilfærslu botnefnis ofan við framkvæmdastaði. Botn vatnsfalla er búsvæði þeirra lífvera sem þar búa og getur þéttleiki þeirra verið mikill á hverja flatareiningu og vistkerfi verið fjölbreytt. Fiskar standa efst í fæðukeðjunni og gefa oft mynd af framleiðslu viðkomandi svæðis. Mikilvægt er við þverun að gengið sé þannig frá að hún raski ekki fiskgöngum. Ræsi geta hindrað fisk í uppgöngu bæði vegna of mikils straumhraða og ef fall er úr neðri enda þess. Stofnunin bendir jafnframt á í umsögn sinni ákveðin atriði sem hafa þarf í huga við fyrirhugaðar framkvæmdir og mun Vegagerðin fara eftir þeirri verktihögun sem kemur fram í umsögninni.

Í meðfylgjandi umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að tveir minjastaðir séu nálægt fyrirhuguðum vegi og er lagt til að þessir staðir verði merktir inn á uppdrætti svo starfsmenn verði meðvitaðir um staðsetninguna og setji þá ekki í uppnám. Vegagerðin mun fara að tilmælum Minjastofnunar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að fornleifar raskist og hafa ofangreindir minjastaðir verið merktir inn á uppdrætti. Þá verða þeir merktir á áberandi hátt á framkvæmdatíma og kynntir í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að efnismagn það sem fyrirhugað sé að taka úr þingskálanámu sé meira en gert er ráð fyrir í Aðalskipulagi Rangárþings 2016-2028.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að dregið verði úr efnismagni sem tekið verði úr þingskálanámu, þ.e. í stað um 53.000 m<sup>3</sup> verði teknir um 42.000 m<sup>3</sup> og um 10.000 m<sup>3</sup> komi úr Stórholtsnámu sem er opin náma einnig í næsta nágrenni við veginn.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem og leyfi Fiskistofu.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða endurbyggingu á um 7 km kafla þingskálavegar en aðrir hlutar vegarins hafa nú þegar verið endurbyggðir. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, eða vegna fornleifa, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir sem felast í endurbyggingu núverandi vegar þó að ljóst sé að nýr vegur verður mun umfangsmeiri en sá vegur sem er fyrir. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan verndarsvæða, þ.e. nýr vegur mun liggja að hluta um Krókahraun sem er forsögulegt hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Hraunið mun raskast á rúmlega 1 ha svæði og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að raski á hrauni verði haldið í lágmarki, m.a. þarf að skilgreina öryggissvæði eins þróngt og kostur er og koma í veg fyrir allt rask utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Jafnframt þarf að halda öllu raski á gróðurlendi í lágmarki og að frágangur verði í samræmi við þær verklagsreglur sem Vegagerðin vinnur eftir. Þó að fyrirhugað sé að taka efni úr opinni námu við veginn, þ.e. þingskálanámu, er ljóst að það magn sem þegar hefur verið tekið úr námuninni er hlutfallslega lítið miðað við það efnismagn sem áformað er að taka vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að við frágang og lokun námunnar verði fylgt verklagsreglum Vegagerðarinnar í hvívetna.

Eins og Hafrannsóknastofnun bendir á þá þarf að standa þannig að framkvæmdum við þverun vatnsfalla og ræsagerð að röskun verði einungis bundin við framkvæmdatíma en ljóst er að slíkar framkvæmir kunna að hafa tímabundin, bein neikvæð áhrif á uppeldi seiða við framkvæmdastaði og neðan þeirra auk þess sem lífræn framleiðsla og framleiðsla smádýra getur skerst. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að Vegagerðin fari eftir þeirri verktílhögum við framkvæmdir við vatnsföll sem Hafrannsóknastofnun leggur til í umsögn sinni til þess að draga úr og koma í veg fyrir neikvæð áhrif á vatnalíf. Þá er mikilvægt að Vegagerðin fylgi tilmælum Minjastofnunar Íslands varðandi merkingar fornleifa í grennd við framkvæmdasvæðið. Skipulagsstofnun telur að



svo fremi sem Vegagerðin fylgi þeirri verktílhögun og aðgerðum til mótvægis vegna veglagnningarinnar og efnistökunnar sem minnst er á hér að framan og fjallað er ítarlegar um í greinargerð þá munu neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir, gróðurfar, vatnálif og fornleifar ekki verða veruleg.

#### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrilliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. janúar 2024.

Reykjavík, 20. desember 2023

Egill Þórarinsson

Jakob Gunnarsson





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur  
800 Selfoss

(354) 570 13 16  
(354) 898 88 52

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Uggi Ævarsson  
Minjavörður  
[uggi@minjastofnun.is](mailto:uggi@minjastofnun.is)

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella  
B/t skipulagsfulltrúa, Birgis Haraldssonar

þriðjudagur, 31. október 2023  
MÍ 202310-0117 / 6.10 / U.Æ.

### Efni: Þingskálavegur - vegarbætur. Rangárþing ytra

Umsagnarbeiðni barst frá Vegagerðinni vegna fyrirhugaðra vegarbóta á kafla Þingskálasvegar, skammt norðan Löngulautar til norðausturs framhjá Heiði, Víkingslæk, Þingskálum, Kaldbak og Bolholti inn á Bolholtsand. Svæðið hefur verið fornleifaskráð: Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla I. FS379-06191. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík, 2008.

Minjavörður fór á vettvang og tók svæðið út með tilliti til gamalla húsa, mannvirkja og fornleifa. Við framkvæmdina verður veginum fylgt að langmestu leyti en bætt í skeringar og fyllingar. Það er helst í brekkunni austan Heiðar þar sem farið verður vegbreiddina norður fyrir núverandi vegstæði yfir Heiðarlækinn. Tveir minjastaðir eru nálægt vegi á þessum slóðum: RA-301:012 og 015. RA-301:012 (ISBN93 A439721 N378479) er tóft af hesthúsi en 015 (ISBN93 A439803 N378482) er heimild um hesthús, sjá skráningarskýrslu. Varpa þyrfti þessum hnitud inn á skipulagsuppdrátt svo að starfsmenn verði meðvitaðir um staðsetninguna og setji þá ekki í uppnám. Efnisnám verður þar sem tekið hefur verið efni áður, miðja vegu milli Þingskála og Víkingslækjar; austan vegar. Minjavörður gekk fyrirhugað námusvæði, um 260 m NV-SA og um 100 á breidd. Minjavörður gerir ekki athugasemdir við áætlaðar vegarbætur en minnir þó á að fara vægilega með umferð stórvirkra vinnuvéla því minjar á svæðinu eru ekki langt frá vegi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegi leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Uggi Ævarsson  
Minjavörður

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnssýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskad eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.